

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 20.04.2012
Tilv. 0082/2012 - 0.2.1

Meðfylgjandi eru athugasemdir Fiskistofu við frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, þingskjal 1052 - 657. mál. Umsögn Fiskistofu er unnin í fullu samráði við Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og fær ráðuneytið afrit af bréfi þessu. Athugasemdir eru gerðar með tilvísun í viðeigandi greinar í frumvarpinu.

1. Framsal aflahlutdeilda

12. gr.

Fiskistofa vekur athygli á að nauðsynlegt er að kveða á um í frumvarpinu að ekki sé heimilt að framselja aflahlutdeild síðasta mánuð fiskveiðiárs eða eftir atvikum almanaksárs vegna uppgjors við lok fiskveiðiárs/almanaksárs hjá Fiskistofu. Þetta hefur verið framkvæmdin til þessa.

2. Forgangsréttur

13. gr.

Í 1. mgr. segir: „Fiskistofa skal tilkynna ráðherra ef ætla má að samanlögð framsöl eða önnur ráðstöfun aflahlutdeilda, þ.m.t. flutningur skipa, fari yfir 20% aflaheimilda í þorskígildum talið frá viðkomandi byggðarlagi eða sveitarfélagi samkvæmt skráðri úthlutun hlutdeilda fyrir fiskveiðiárið 2012/2013.“

Reglan krefst þess að Fiskistofa haldi sérstaklega utan um samanlagða aflhlutdeild skipa á tilteknu svæði og er því nauðsynlegt að fyrir liggi í upphafi um hvaða svæði ræðir hverju sinni. Í ákvæðinu er kveðið á um byggðarlag eða sveitarfélag sem að mati Fiskistofu getur valdið vandkvæðum þar sem mörg byggðarlög geta verið í sveitarfélagi. Ekki kemur fram hvað á að ráða hverju sinni hvort miða skuli við byggðarlag eða sveitarfélag en óraunhæft er að ætla Fiskistofu að skera þar úr um án frekari leiðbeininga. Þá er Fiskistofu er ekki kunnugt um að til sé opinber skilgreining á hugtakinu byggðarlag.

Ekki er ljóst hvort aflahlutdeild á tilteknu svæði skuli miða við heimildir útgerðar sem á lögheimili á svæðinu eða hvort miða beri við heimahöfn skips. Erfitt getur verið í framkvæmd að fylgja þessu eftir þar sem sérloggjöf á við um lögheimili annars vegar og skráningu skipa hins vegar og flutning þeirra eftir atvikum en hvorki skráning lögheimilis né skipaskráning heyrir undir Fiskistofu.

Frumvarpið virðist ekki gera ráð fyrir þeim möguleika að enginn kaupandi fáist að aflahlutdeildum sem ráðherra hefur neytt forkaupsréttar á.

3. Flutningur aflamarks

15. gr.

Í 2. tl. 2. mgr. segir: „Aflamark nemur eigi meira en þriðjungi þess aflamarks sem skip hefur nýtt á hverjum tíma í þorskígildum talið.“ Að mati Fiskistofu eru líkur á að heppilegra orðalag miðað við tilgang ákvæðisins sé að segja: „... nýtt til veiða á hverjum tíma...“ þar sem unnt er að nýta aflamark í millifærslur.

4. Flokkur 2, önnur aflahlutdeild

18. gr.

1. mgr. hljóðar svo: „Aflamarki í nytjastofnum, sem kemur til ráðstöfunar á hverju fiskveiðiári samkvæmt aflahlutdeild í flokki 2, sbr. 8. gr., skal með reglugerð skipt til úthlutunar á kvótapiingi skv. 19. gr., til strandveiða skv. 20. gr. og til ráðstafana skv. 20.–24. gr. Um flutning þess gilda ekki ákvæði IV. kafla nema annað sé tekið fram.“

Fiskistofa skilur ákvæðið á þann hátt að meiningin sé sú að óheimilt verði að framselja aflamark sem úthlutað er úr flokki 2. Aflaskráningarkerfi Fiskistofu getur ekki gert greinarmun á því hvort veiddur afli skuli dragast frá aflamarki sem úthlutað hefur verið á grundvelli heimilda samkvæmt flokki 1 eða flokki 2. Allt kerfið gerir ráð fyrir því að hver fisktegund sé aðeins skráð einu sinni, m.ö.o. þorskur er þorskur og ýsa er ýsa en mjög óheppilegt er að gera ráð fyrir þorski 1 og þorski 2 þar sem ýmis vandkvæði skapast við aflaskráningu og utanumhald um aflaheimildir. **Fiskistofa leggur áherslu á að þetta er óframkvæmanlegt eins og aflaskráningarkerfið er í dag og breytingar hvað þetta varðar eru fyrirsjáanlega mjög umfangsmiklar.**

5. Refsingar

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimildir Fiskistofu verði auknar þegar kemur að beitingu viðurlaga vegna brota gegn lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og telur stofnunin það mjög æskilegt. Fiskistofa vill vekja máls á hvort tilefni sé til ganga enn lengra og gera tiltekna háttsemi **starfsmanna** lögaðila refsiverða líkt og t.d. er gert í 1. og 2. mgr. 41. gr. a í samkeppnislögum sem hljóða svo:

„Hver starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, sem framkvæmir, hvetur til eða lætur framkvæma samráð sem brýtur gegn 10. og/eða 12. gr. og varðar þau atriði sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr., skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex árum.

Ákvæði 1. mgr. tekur til eftirfarandi brota fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja á sama sölustigi á 10. eða 12. gr.:

- a. samráðs um verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör,
- b. samráðs um takmörkun eða stýringu á framboði, framleiðslu, mörkuðum eða sölu,
- c. samráðs um skiptingu á birgðalindum eða mörkuðum, t.d. eftir svæðum eða viðskiptavinum,
- d. samráðs um gerð tilboða,
- e. samráðs um að eiga ekki viðskipti við tiltekin fyrirtæki eða neytendur,
- f. upplýsingagjafir um þau atriði sem fram koma í a–e-liðum.“

Í þessu sambandi hefur Fiskistofa fyrst og fremst í huga tilvik sem lúta að vigtun og skráningu sjávarafía. Rétt vigtun og skráning afla er undirstöðuatriði fiskveiðistjórnarkerfisins og er að mati stofnunarinnar tilefni til að kveða á um sérstaka

ábyrgð þeirra starfsmanna sem hafa hlutaverki að gegna þegar kemur að vigtun afla og skráningu og þeirra sem bera ábyrgðina í viðkomandi fyrirtæki. Í þessu sambandi vill Fiskistofa enn fremur vekja athygli á hvort tilefni sé til að fella meiriháttar brot gegn löggjöf um fiskveiðistjórn undir almenn hegningarlög líkt og gert er í 262 gr. alm. hgl. sem tekur til ýmiss konar skattalagabrota.

F. h. Fiskistofu


Eyþór Björnsson

Afrit: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti